

## MENNING

## Ef Eggert væri kona

## AF LISTUM



Jón B. K. Ransu

Eggert Pétursson er fyrirferðamikill þessa dagana. Er með stóra yfirlitssýningu í Listasafni Reykjavíkur og einkasýningu í Gallerí 18 þar sem veggir gallerísins eru nánast betrekktir með 100 blómamyndum sem seldust upp á opnunardegi og fengu færri en vildu.

Í stundakennslu sem ég sinni um þessar mundir við Listaháskóla Íslands komu verk hans til tals og náði umræðan afar forvitnilegum vinkli þegar einn nemandi spurði mig: „Heldurðu að Eggert Pétursson væri svona frægur ef hann væri kona?“ Ég hef af áhuga og aðdáun fylgst með þróun og uppgangi á málverkum Eggerts Péturssonar á annan áratug, en verð að viðurkenna að þessari spurningu hafði ég aldrei velt fyrir mér. Ég fann engu að síður svar mótað umsvifalaust á vörum mínum: „Nei, Eggert Pétursson væri ekki svona frægur ef hann væri kona.“

Það er vissulega fallvalt að alháfa eitthvað sem ekki er í raunverunni og byggist eingöngu á Efspurningu. En enginn er elskaður af öllum og þær fáu neikvæðu raddir sem ég hef heyrt í garð málverka Eggerts Péturssonar fela einmitt í sér orð eins og „bróðeringar“ og „blómakerling“. Það eitt segir mér að gömul kvenlæg gildi eða ímyndir séu helsta vopnið til að fella blómamyndir listamannsins. Sú staðreynd að Eggert er karlmaður vegur hinsvegar á móti þessum kvenlægu ímyndunum eða viðfangsefnum blóm sem máski konur eru sjálfar útilokaðar frá vegna þess að álfkra neikvæðar raddir fylgja þá fyrirfram með verkunum.

Í kjölfar þessa vaknaði hjá mér önnur spurning. eru þessi sömu kvenlægu gildi þá ekki líka partur

» Sem þýðir að þótt Eggert hefji ferlið í grasafræðinni, þá miðast það engu að síður við að búa til blómaskreytingar.

af upphafningunni á verkum Eggerts?

Þegar breski listamaðurinn Greyson Perry, sem er klæðskiptingur, hlaut Turner-myndlistarverðlaunin í Bretlandi fyrir lögulega og nýstárlega myndskreytta keramikvasa sagði hann í viðtali að myndlistarheimurinn ætti eftir að hneykslast yfir því að verðlaunahafinn skyldi vera keramiklistamaður mun frekar en að hann væri klæðskiptingur. Vafalaust var þetta hárrétt athugasemd hjá Perry. En aftur má samt spyrja; Hefði Greyson Perry hlotið Turner-verðlaunin fyrir keramikvasana ef hann væri kona? Auðvitað ekki. Perry hlaut verðlaunin fyrir að vera karlmaður sem gerir í því að vera eins og kona. Og ef Perry fær bónus fyrir kvenlægni má þá ekki allt eins álykta að þær kvenlægu ímyndir sem eru notaðar til að fella verk Eggerts Péturssonar séu þær sömu og upphéfa þau. Að það þyki göfugt af karlmanni að ganga í slíkar ímyndir en tabú fyrir konu. Ég tala ekki um þegar hann líkir listsköpun sinni við mataruppskriftir, eins og lesa mátti í viðtali Kolbrúnu Bergþórsdóttur við Eggert í Blaðinu á miðvikudaginn 12. september. Afar vafasöm líkingarmynd, ef hann væri kona.

•••

Í þessu sama viðtali greinir Eggert einnig frá því að viss hugmyndavinna liggja að baki áður en hann málar mynd, sem heypir okkur þá inn á annarskonar upphafningu á verkum listamannsins sem er í nokkurri mótsögn við hina og er aðallega notuð á meðal inn-



Listamaðurinn „Nei, Eggert Pétursson væri ekki svona frægur ef hann væri kona.“

Morgunblaðið/Sverrir

vígðra. Þ.e. að listamaðurinn sé í raun konseptlistamaður en svo heppilega vilji til að afurðir hugmyndavinnunnar séu fallegar. Hér er samsagt rökyggjunni teft gegn tilfinningaseminni til að undirstrika að viðfangsefnið hallist í átt til grasafræða en ekki blómaskreytinga, sem aftur snertir gömul karlæg og kvenlæg gildi þar sem hinu fyrrnefnda er gefið göfugra hlutverk en hinu síðarnefnda.

Þeir sem þekkja bakrunn Egg-

erts Péturssonar efast ekki um að hugmyndalegt myndlistaruppeldi í Nýlistadeildinni hafi mótað nálgun hans við listina. En hugmyndaleg nálgun gerir menn ekki endilega að konseptlistamönnum, né heldur þrautseigja, þráhyggja eða skrásetningarárátta, og hef ég alltaf átt erfitt með að kyngja þessari konsept-skilgreiningu á blómamyndum Eggerts sökum þess að einhverstaðar í sköpunarferlinu (og frekar snemma að ég tel) hafnar listamað-

urinn konseptlistinni, tekur meðvitada eða ómeðvitada ákvörðun um að skipta út hugmyndalegum þættinum fyrir skynræna upplifun og fegurð, og einblínr markvisst á maleríð og áþreifanleika efnis en ekki hugmyndar. Sem þýðir að þótt Eggert hefji ferlið í grasafræðinni, þá miðast það engu að síður við að búa til blómaskreytingar.

ransu@mbl.is

## Tveir heimar

## MYNDLIST

Gallerí Kambur (Afleggjari austan Þjórsár merktur Gísholti og Gallerí Kambi)

Sigurgeir Sigurjónsson  
William Anthony

Til 30. september. Opíð daglega 13-18, lokað miðvikudaga.

SIGURGEIR Sigurjónsson ljósmyndari er þekktur fyrir ljósmyndabækur sínar sem birta flestar sýn á náttúru Íslands, einnig kannast margir við bók hans og Unnar Jökulsdóttur, *Íslendingar*.

Nú sýnir Sigurgeir tvær ljósmyndaraðir í Gallerí Kambi, loftmyndir frá Íslandi, af árfarvegum og mótum lands og hafs, og myndraðir frá Kúbu.

Sigurgeir er ekki sá fyrsti sem myndað hefur íslenskt landslag úr lofti, en tilurð myndanna tengist verkefni fyrir Adobe sem síðan vatt upp á sig.

Arangurinn er líka annar og meiri en rútínubundin úrvinnsla verkefnis, loftmyndirnar eru persónulegar og grípandi og birta óvænta sýn á litbrigði og form. Þær einkennast af mildum jarðlitum og nær grafískum þáttum þar sem hvítar öldur teikna á svartan sand.

Kúbamyndirnar búa síðan yfir frásögn þar sem mannlífið er í forgrunni. Sigurgeir fangar litanotkun Kúbubúa á húsveggjum og klæðnaði, dýpt litanna er undirstrikuð af votri birtunni en þær eru flestar teknar í ríngningu. Hreyfing er áberandi en um leið sterk myndbygging,



Gallerí Kambur „Á sýningunni birtast ástríður ólíkra heima, óhamin náttúra Íslands og ólgandi mannlíf á Kúbu.“

en báðar myndraðirnar eru malerískar í nálgun. Á sýningunni birtast ástríður ólíkra heima, óhamin náttúra Íslands og ólgandi mannlíf á Kúbu.

Í kynningarrými Gallerí Kambis má sjá gráglettin verk Bandaríkjamannsins William Anthony sem leit-

ar jafnt í listasöguna og heimsviðburði við gerð mynda sinna sem eru við fyrstu sýn stírbúsalegar teikningar en þegar betur er að gáð listilega gerð myndverk, áleitun og full dírfsku.

Ragna Sigurðardóttir

## Al og Zoot í Reykjavík

## TÓNLIST

Múlinn á DOMO

Jónsson/Gröndal Quintet ★★☆☆☆

Miðvikudagskvöldið 19. september 2007.

HAUKUR Gröndal og Ólafur Jónsson stóðu í framlíunni með tenórana er kvintett þeirra flutti verk af efnisskrá eins skemmtilegasta saxófónsdúetts djasssögunnar, Al Cohns og Zoot Sims. Það var byrjað á P-Town Als og síðan blúsað feitt í lagi eftir píanistann John Bunch, sem löngu er gleymdur þrátt fyrir að hafa verið skotinn niður yfir Þýskalandi í heimstyrjöldinni og leikið með stórsveitum Hermans, Goodman, Krupa og Richs. Aðeins einn söngdans var á dagskránni, On The Alamond, en þeir hefðu mátt vera fleiri einsog tíðkaðist hjá Al & Zoot, þó hljómagangur margra orgínalanna væri kunnuglegur. Eitt lag eftir Zoot var leikið, Red Door, enda samdi hann lítið miðað við Al. Haukur var í hlutverki Als í samleiknum meðan Ólafur blés Zoot. Afturá móti var Zoot miklu nær í spuna Hauks, sem hefur sterkari svingrætur en bopparinn Ólafur. Það var flott að heyra tvö stórsveitarlög sem Al & Zoot blésu oft: The Goof And I, skrifað fyrir Hermanbandið og svo A Moments Notice eftir Ernie Wilkins; Basieútsetjarann mikla sem



Tónn Haukur Gröndal (á mynd) var í hlutverki Als í samleiknum meðan Ólafur Jónsson blés Zoot.

hingað kom og stjórnaði Big bandi 81, fyrirrennara útvarpsstórsveitarinnar. Ekki má gleyma Back To Back þarsem Agnar Már velti upp nýjum fleti í hverjum takti við frábært burstaspið Eriks Qvicks eða söxunum í Morning Fun og bassasólum Þorgríms Jónssonar. Svo verður að geta þess að RÚV hljóðritaði herlegheitin og von er á þeim í þætti Lónu Kolbrúnar 5/4, sem er á dagskrá öll þriðjudagskvöld á Rás 1.

Vernharður Linnét